

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að innheimta árlega gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróa:

0-2000 lítrar	3.600 krónur
2001-4000 lítrar	4.300 krónur
4001-6000 lítrar	5.000 krónur

Rotþróarlosunargjald er innheimt fyrir hverja losun ef rotþró er yfir 6.000 lítrar að stærð: 2.200 krónur á rúmmetra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin á grundvelli samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að undanskildum Húsavíkurbæ frá 1. september, nr. 671/2003. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 15. janúar 2004.

Þingeyjarsveit, 15. janúar 2004.

Jóhann Guðni Reynisson sveitarstjóri.